

Min-On menningarstofnunin kynnir íslenska menningu í Japan



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Akishiro Yokomatsu, Ikuko Derry, túlkur og Terunobu Otsuka.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hitti á dögunum Akishiro Yokomatsu og Terunobu Otsuka frá Min-On Concert Association í Tokyo. Tilfni fundarins var ákvörðun [Min-On](#) stofnunarinnar að bjóða íslensku listafólki að koma fram í Japan í nóvember og desember 2005. Sýningar eru fyrirhugaðar í 15 helstu borgum Japan og óskað er eftir því að listafólkið flytji tónlist og dansa sem kynna menningu og sögu Íslands.

Forsvarsmenn Min-On sömdu við Sverri

Guðjónsson, tónlistarmann, um að taka að sér listræna stjórn þessara sviðsettu tónleika sem alls er gert ráð fyrir að 15 íslenskir tónlistarmenn og dansarar taki þátt í.

Min-On stofnunin starfar með það að leiðarljósi að menning færi frið og eru haldnir 1.300 tónleikar árlega á hennar vegum. Árlega er einu landi boðið að kynna menningu sína og hefðir með tónlistarflutningi og dansi og varð Ísland fyrir valinu árið 2005. Menntamálaráðuneyti Japans styður framtakið.



Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Frá því að ákveðið var að fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, yrði dagur íslenskrar tungu ár hvert hefur menntamálaráðuneyti árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það, í samstarfi við skóla, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga enda virðist dagur íslenskrar tungu hafa náð fótfestu í samfélaginu.

Hvatt er til þess að landsmenn hugi nú, eins og undanfarin ár, að því að nota 16. nóvember eða dagana þar í kring til að hafa íslenskuna í öndvegi. Hægt er að minnast dagsins með margvíslegu móti, t.d. upplestri, ritunarsamkeppni, verðlaunum og viðurkenningum, handritasýningum, samkomum af ýmsum toga og tónlistarflutningi svo að fátt eitt sé nefnt.

Menntamálaráðuneyti hefur falið [Íslenskri málstöð](#) að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2004. Nánari upplýsingar er að finna á [vef dags íslenskrar tungu](#).

Hugbúnaður á íslensku í ráðuneyti íslenskrar tungu

Menntamálaráðuneyti hefur nú fyrst ráðuneyta innleitt skrifstofuhugbúnað á íslensku fyrir starfsmenn sína. Er hér um að ræða Microsoft Office hugbúnaðinn og Windows XP sem nýlega var þýtt á íslensku. Eins og kunnugt er beitti menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sér fyrir ályktun ríkisstjórnar um að hugbúnaður á íslensku skyldi njóta forgangs í innkaupum hjá ríkinu. Microsoft fyrirtækið brást skjótt við þessari áskorun og er það von menntamálaráðuneytis að aðrir hugbúnaðarframleiðendur fylgi í kjölfarið og bjóði vöru sína á íslensku.



© bára

Tilnefning í starfshóp um stöðu íslenska tákn málsins

Ákveðið hefur verið að skipa starfshóp sem vinna skal að tillögum um með hvaða hætti best verði staðið að því að tryggja stöðu íslenska tákn málsins, eflingu þess og varðveislu. Hópnum er m.a. gert að taka afstöðu til þess hvort heppilegt gæti verið að undirbúa stofnun formlegrar málnefndar fyrir íslenska tákn málið og þá hvernig slík málnefnd

yrði samsett og hvert hlutverk hennar yrði.

Gert er ráð fyrir að í hópnum verði einn fulltrúi menntamálaráðuneytis, tveir fulltrúar Félags heyrnarlausra, einn fulltrúi Háskóla Íslands, einn fulltrúi Íslenskrar málnefndar og einn fulltrúi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Fulltrúi menntamálaráðuneytis mun veita starfshópnum forystu. Gert er ráð fyrir að hópurinn ljúki störfum eigi síðar en 1. júní 2005.

Samræmd próf í 4. og 7. bekk 2004

Að því gefnu að skólahald verði með eðlilegum hætti á næstu vikum hefur menntamálaráðuneyti ákveðið að samræmd próf í 4. og 7. bekk verði haldin sem hér segir:

- Íslenska í 4. og 7. bekk fimmtudaginn 25. nóvember kl. 9:30 - 12:00.
- Stærðfræði í 4. og 7. bekk föstudaginn 26. nóvember kl. 9:30 - 12:00.

Ákvörðun þessi er tekin í samráði við Námsmatsstofnun sem sér um framkvæmd prófanna.

Skýrsla undanþágunefndar framhaldsskóla

Út er komin [skýrsla undanþágunefndar framhaldsskóla](#) fyrir árin 2002 og 2003. Skýrsla þessi er úttekt á starfi undanþágunefndar framhaldsskóla skólaárin 2002-2003 og 2003-2004.

